


Seiðarannsóknir í Brunná 1988

Árni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun

VMSTR/88039



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vistfræðideild



## Inngangur

Fjórtánda ágúst 1988 voru starfsmenn Veiðimálastofnunnar við seiðarannsóknir í vatnakerfi Brunnár, að ósk heimamanna. Rafveitt var á einum stað í Gilsbakkaá neðan við samnefndan bæ og var farin ein yfirferð á athugunarstað. Einnig var hitastig og leiðni mæld. Í júlí 1986 voru starfsmenn Veiðimálastofnunnar við samskonar rannsóknir í ánni og hefur þeim verið gerð skil annarsstaðar (Tumi Tómasson 1988). Um frekari rannsóknir hefur ekki verið um að ræða í Brunná eftir bestu vitund undirritaðs. Þar sem ánni hefur verið lýst áður, verður ekki um neina lýsingu á henni að ræða hér heldur vísað í fyrri skýrslu (Tumi Tómasson 1988).

## Niðurstöður og Umræður

Hitastig reyndist vera 6.1 °C og er áin því fremur köld enda lindá að hluta. Leiðni gefur vísbendingu og magn steinefna í ánni og þar með frjósömi hennar. Leiðnin mældist 99 uS/cm sem er hátt og er áin því frjósöm á.

Niðurstöður rafveiði eru sýndar á mynd 1. Alls voru rafveiddir 300 m<sup>2</sup> og veiddust 29 seiði þar af 26 bleikjuseiði, 2 laxaseiði (sleppiseiði) og 1 urriðaseiði. Þetta er í samræmi við niðurstöður fyrri athugunar en þá veiddist langmest af bleikjuseiðum og eitthvað af urriða en ekki er getið um að laxa seiði hafi veiðst. Bleikjuseiðin voru af þremur árgöngum þ.e. sumargömul (0+) til tveggja ára seiði (2+). Urriðann var ekki hægt að aldursgreina en laxaseiðin koma úr sleppingu. Ekki er unnt að segja til um hvernig laxinn þrífst í Brunná þar sem of litlar upplýsingar liggja fyrir um vöxt hans þar. Gott hefði verið að lengdarmæla þau seiði sem sleppt var í ánnu þannig að hægt væri að reikna út vöxt laxaseiðanna í ánni. Enda þótt Brunná sé frjósöm á og ætti því að standa undir töluverðri framleiðslu er ekki líklegt að áin standi undir mikilli laxaframleiðslu þar sem hún er full köld fyrir laxinn. Kemur hér

tvennt til. Í fyrsta lagi er líklegt að klak úr hryggningu yrði það seint á sumrin að seiðin næðu ekki mikilli stærð fyrsta sumarið, en það þýddi mikil afföll fyrsta veturinn en afkoma seiðanna ræðst mikið af þeirri stærð sem þau ná fyrir fyrsta vetur. Í öðru lagi er áin það köld að ólíklegt verður að teljast að hún nái þeim vatnshita á sumrin (10 °C) sem laxinn þarf til þess að geta þrífist þannig að vöxtur yrði lítill í ánni.


Hvort rétt sé að halda seiðasleppingum áfram í ánni er að sjálfsögðu mál Veiðifélags Brunnár og hlýtur það að vera metið út frá hagfræði sjónarmiði. Meta verður þetta út frá seiðaverði, þeirri endurheimtu sem búast má við, en líklega yrði hún aldrei mikil og þeim hagnaði sem búast mætti við ef laxagengd ykist. Ekki má gleyma að mikil og vaxandi verðmæti er í sjóbleikjuveiði.


Skráning á veiði í Brunná virðist vera með ágætum, sem er til fyrirmyndar. Heildarveiði 1988 í Brunná var 160 fiskar (Tafla 1). Mest veiddist af bleikju 117, 44 urriðar og 1 lax, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um veiðiálag er ekkert hægt að segja hvort hér sé um mikla eða litla veiði að ræða. Til gamans var meðalþyngd reiknuð og er hún sýnd í Töflu 1 og einnig þyngd stærsta fisksins. Út frá þyngd laxins er hægt að fullyrða að hann hafi verið eitt ár í sjó, en gaman hefði verið ef hreistur hefði verið tekið af honum þannig að hægt hefði verið að segja til um aldur hans og hvort hér sé um náttúrulegan fisk að ræða eða fisk úr sleppingu. Er mælt til þess ef aðstæður leyfa að hreistur verði tekið af þeim löxum sem veiðast í Brunná, en það myndi hjálpa mikið við allar ráðleggingar er snerta fiskirækt í ánni.

Að lokum viljum við þakka sýndan áhuga á fiskirækt í Brunná og vonum að áframhald verði á þessu jákvæða hugarfari.

Heimild: Tumi Tómasson, 1986. Athugun á Brunná 1986.

Veiðimálastofnun. VMST-N/88001 Hólum í Hjaltadal janúar 1988.

Virðingarfyllt,   
Árni Jóhann Óðinsson



Mynd 1. Fjöldi og aldursdreifing seiða í Gilsbakkaá í rafveiði 1988. Rafveiddir voru 300 m<sup>2</sup>.

	Lax	Urriði	Bleikja	Heildar fj.
Fjöldi	1	42	117	160
Meðalþ. (p)	4.5	1.6	2.1	
Þyngsti	4.5	6.0	4.0	

Tafla 1. Fjöldi, meðalþyngd og mesta þyngd fiska úr stangveiði 1988. Unnið uppúr veiðibók.